

Mánudaginn 10. nóvember 1919.

Nr. 35/1919:

Ólafur G. Eyjólfsson f. h.  
váttryggingarfélagsins Danske Lloyd  
gegn

N. Wittrup f. h. h/f Em. Z.  
Switzers Bjergningsentreprise.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði fyrir sjóðómi Reykjavíkur Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður fyrir hönd hlutafélagsins Em. Z. Switzers Bjergningsentreprise gegn Carl Johansen skipstjóra á skipinu Ruthby frá Rödbý Havn til að fá hann dæmdan fyrir hönd eigenda og váttryggjenda nefnds skips til að greiða hlutafélaginu laun fyrir björgun skips og farms, er það hafði meðferðis, 8000 kr. með 6% ársvöxtum frá 23. des. 1917 til greiðsludags, svo og til að fá staðfest löghald, er gert var í skipinu 7. jan. f. á. og enn fremur til málskostnaðargreiðslu. Með dómi réttarins uppkveðnum 13. júlí f. á. voru þessar kröfur teknar til greina, og málskostnaður, er váttryggingarfélagið skyldi greiða björgunarfélaginu, ákveðinn 150 kr.

Þessum dómi hefur Ólafur G. Eyjólfsson stórkaupmaður, umboðsmaður váttryggjenda Ruthbys, váttryggingarfélagsins Danske Lloyd, að fengnu upp-reistarleyfi, dags. 13. maí þ. á. skotið til yfirdómsins með stefnu útgefni 26. maí þ. á. og krafist þess að dómnum verði breytt og allar kröfur stefnda fyr-

ir sjódóminum verði teknar til greina, þannig að björgunarlaunin verði ekki ákveðin hærrí en 4000 kr., að vextir og staðfesting löghaldsgerðarinnar verði miðuð við þá upphæð, en til vara að upphæð björgunarlaunanna verði ákveðin af réttinum. Stefndi fyrir sjódóminum krafðist þess að málskostnaður yrði látinn falla niður, en fyrir yfirdómi hefur áfrýjandi krafist málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins

Af hálfu stefnda N. Wittrups fyrir hönd Em. Z. Zwitzers Bjergningsentreprise er hins vegar krafist, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og stefnda dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Tildrög málsins eru þau, að þrísigldi skonnorta Ruthby frá Röðby Havn lá fram undan Keflavík ósjófær og ósjálfbjarga 23. des. 1917; hafði skipið verið dregið þangað af enskur botnvörpung sunnan frá Reykjanesi með tvær siglur brotnar og akkerisvindu bilaða; vildi enski skipstjórinn eigi fara lengra með skipið, og skipstjórinn á Ruthby kvaddi því með símtali björgunarskipið Geir, sem Em. Z. Zwit-zer gerir út frá Reykjavík, til aðstoðar, til að færa Ruthby til Reykjavíkur. Varð björgunarútgerðin þegar við þessari ósk og sama dag kl. 5<sup>1</sup>/<sub>4</sub> lagði Geir af stað til Keflavíkur. Þar rituðu skipstjórnarnir undir björgunarsamning þess efnis að Geir skyldi bjarga Ruthby og flytja það til Reykjavíkur gegn 8000 kr. borgun, er greiddast skyldi þegar skipið væri komið til Reykjavíkur. Undir samning þenna

ritaði skipstjóri á Ruthby með þeim fyrirvara að hann áskildi váttryggjendum skipsins rétt til að segja honum upp samkvæmt siglingalögunum. Dró því næst Geir Ruthby til Reykjavíkur og hafði lagt skipinu þar á höfninni kl. 11  $\frac{1}{2}$  um kvöldið sama dag. Með því enginn var til þess fyrir hönd Ruthby að greiða hin umsömdu björgunarlaun, lét skipstjórinn á Geir leggja löghald á skipið og höfðaði mál þetta fyrir sjódomi Reykjavíkur, er dæmt var sem fyr segir.

Ástæður áfrýjanda fyrir kröfum hans eru þær, að Ruthby hafi verið á hættulegum stað þar sem það lá fram undan Keflavík, því að, ef veður hefði hvesst, mundi það hafa rekið á land eða farist; hafi því skipstjóri verið tilneyddur að ganga að samningnum, er af þessari ástæðu eigi sé gildur gagnvart váttryggjendum, enda hafi skipstjóri geymt þeim rétt til að ryfta honum; og í annan stað, að hin umsamda borgun sé altof há, bæði af því, að hér sé eigi um björgun að ræða heldur að eins drátt á skipinu, er hafi verið hættulaus og kostnaðarlítill fyrir björgunarskipið og aðeins tekið það 6.35 kl. og sennig sé hún (borgunin) of há í samanburði við það sem greitt hafi verið fyrir björgun og drátt skipa hér við land síðan 1916, og hefir áfrýjandi einkum bent á það, er hann telur alveg hliðstætt dæmi, að björgunarskipið Geir hafi sumarið 1910 dregið Faxaflóagufubátinn Ingólf, sem eins hafi staðið á fyrir og Ruthby, frá Keflavík til Reykjavíkur og tekið að eins 1000 kr. fyrir.

Þó að skipi svo til reika, sem Ruthby var 23. des. 1917, væri hættulegt að liggja að vetrarlagi fram undan Keflavík, var þó eigi um bráða hættu að ræða, þar sem skipið lá fyrir festum í góðu veðri. Það verður því eigi litið svo á, að björgunarsamningurinn hafi verið gerður meðan hættan vofði yfir eða undir áhrifum hennar, svo að krafist verði að hann verði ónýttur fyrir þá sök, enda er það upplýst í málinu að skipstjórinn hafi haft ráðrúm til að leita fyrir sér um aðstoð hjá öðrum en stefnda.

Um hina aðra ástæðu að bjarglaunin séu alt of há, skal það tekið fram, að þegar athugað er, hvar skipið var statt og hvernig það var til reika verður að telja að um björgun hafi verið að ræða. Krafa áfrýjanda um niðurfærslu björgunarlaunanna virðist því því að aðeins verða tekin til greina, að ætla megi að þau séu bersýnilega ósanngjörn sbr. 232. gr. 2. málsg. siglingalaganna, en þetta virðist eigi verða fullyrt, þegar þess er gætt að björgunin tókst til fullnustu eins og um var samið, að Ruthby var í verulegri og aðsteðjandi hættu, að björgunarskipið var sérstaklega útbúið til björgunar og gert út með miklum kostnaði til að vera til taks, er aðstoðar þess væri leitað, og að Ruthby, eins og það var er því var bjargað, hefir verið metið á kr. 87500,00 og farmur þess verið seldur á uppboði fyrir kr. 7236.81 Af samanburði þeim, er áfrýjandi hefir tilgreint, við borgun fyrir björgun skipa hér við land fyrir ófriðinn þykir eigi heldur verða ráðið að hin umstefndu björgunarlaun séu ósanngjörn, þegar það er athugað

hve mjög allur útgerðarkostnaður skipa hefir hækk-  
að hin síðustu ár.

Það þykir því eigi næg ástæða til þess að færa  
niður kröfu stefnda og ber þannig að staðfesta hinn  
áfrýjaða dóm, einnig ákvæði hans um vexti, máls-  
kostnað og staðfestingu löghaldsgerðarinnar 7. jan. f. á.

Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýj-  
andi greiði stefnda 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýj-  
andi Ólafur G. Eyjólfsson fyrir hönd váttrygg-  
ingarfélagsins Danske Lloyd greiði stefnda N.  
Wittrup fyrir hönd Em. Z. Zwitzers Bjergnings-  
entreprise 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum skal fullnægja áður en liðnar séu  
8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-  
aðför.

Mánudaginn 17. nóvember 1919.

Nr. 56/1919:

Réttvísinn

gegn

fræðslunefnd Rauðasandshrepps,  
þeim Sveini Magnússyni, Guð-  
mundi Sigfreðssyni og Þórði Ó.  
Thorlaciuss, og héraðslækni Sig-  
urði Magnússyni.